

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 67/2013****2013/EES/61/17****frá 3. maí 2013****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (endurútgefin) <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/50/ESB frá 10. október 2012 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágur varðandi búnað sem inniheldur blý, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/51/ESB frá 10. október 2012 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágur varðandi búnað sem inniheldur kadmíum, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum <sup>(3)</sup>.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2011/65/ESB fellur úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB <sup>(4)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Texti liðar 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32011 L 0065:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88), eins og henni var breytt með:

- **32012 L 0050:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/50/ESB frá 10. október 2012 (Stjtið. ESB L 348, 18.12.2012, bls. 16),
- **32012 L 0051:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/51/ESB frá 10. október 2012 (Stjtið. ESB L 348, 18.12.2012, bls. 18).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2011/65/ESB, 2012/50/ESB og 2012/51/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 348, 18.12.2012, bls. 16.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 348, 18.12.2012, bls. 18.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.